

Hönnun hugverk höfundar- réttur

Á undanförunum árum hefur fyrirtækjum sem leggja áherslu á hannaðar vörur fjölgað verulega; efnislegar og óefnislegar vörur sem seldar eru á Íslandi og erlendis. Þetta eru fyrirtæki sem leggja áherslu á hönnun, nýsköpun og hugvit, sum byggja á íslenskri arfleifð og hráefni og mörg hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Þessi fyrirtæki þurfa gott starfsumhverfi enda eru þau mikilvæg í uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar hér á landi.

Mikla þekkingu og reynslu þarf að hafa til að skapa og hanna góðar vörur. Að baki hvernar vöru er gríðarleg vinna og kostnaður í vöruþróun, framleiðslu og markaðssetningu.

Á Íslandi er ekki löng hefð fyrir hönnuðum vörum og því eiga eigendur hönnunar og hugverka oft erfitt með að verja rétt sinn. Eftiröpun er vandamál sem margir hönnuðir og fyrirtæki glíma við. Eftiröpun skemmir, dregur úr og getur drepið nýsköpun og þar með haft mjög neikvæð áhrif á uppbyggingu fyrirtækja og atvinnulífs.

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs vinnur að uppbyggingu á sviði hönnunar og arkitektúrs á Íslandi og hvetur fyrirtæki til að kynna sér hönnunar- og hugverkarétt og forðast eftiröpun og kóperingar.